

# VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á miðvikudagsmorgnum**

## Íbúð til leigu

Falleg 3ja herbergja íbúð í Sigtúni 5 í Vík til leigu frá áramótum. Íbúðin er 88 fm, auk sameiginlegs bílskúrs, og leigist með húsgögnum.

Áhugasamir hafi samband um netfangið [thorsteinn76@gmail.com](mailto:thorsteinn76@gmail.com).

## Aðalfundur Styrktarsamtaka Heilsugæslustöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri vegna ársins 2016

verður haldinn á Hótel Klaustri á þriðjudagsmorgun 17. október n.k. kl: 9:00.  
Hefðbundin aðalfundarstörf.

*Félagið er öllum opið og eru nýir félagar boðnir velkomnir.*  
Stjórnin



Mýrdalshreppur

## Auglýsing um kjörskrá.

Kjörskrá Mýrdalshrepps, vegna alþingiskosninganna sem fram eiga að fara 28. október 2017, liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að Austurvegi 17 í Vík.

Skrifstofan er opin alla daga frá kl. 10 - 15.

Ásgeir Magnússon sveitarstjóri

## Lionsklúbburinn Suðri og Hópferðabílar Suðurlands

Bjóða eldri borgurum í Mýrdal og gamla Austur-Eyjafjallahreppi í ferðalag laugardaginn 14. október n.k.

Mæting á bankaplaninu kl. 12.30

Farið verður á Hvolsvöll og Eldfjallamiðstöðin Lava Centre heimsótt, skoðaðar sýningar Eldfjallamiðstöðvarinnar og boðið í kaffi á veitingastaðnum Katlarestaurant.

Þátttaka tilkynnist í síma

- " 4871309 - 8923129 Eyjólfur
- " 4871292 - 8615692 Birgir
- " 4611363 - 8983340 Ásgeir



### Skeiðflatarkirkja

Guðsþjónusta kl. 14.00  
Sunnudaginn 15. október.

Fermingarbörn og fjölskyldur hvött til að mæta,  
en allir hjartanlega velkomnir.

*Sr. Skírnir Garðarsson.*



### Stóra-Dalskirkja.

Guðsþjónusta kl 16.00  
Sunnudaginn 15. október.

*Verið velkomin í kirkju. Sr Skírnir Garðarsson.*



## Framsókn fundar í Skaftafellssýslum

Icelandair Hótel Vík  
föstudaginn 13. október kl. 12

Icelandair Hótel Klaustur  
föstudaginn 13. október kl. 16

Freysnes í Örafum  
föstudaginn 13. október kl. 20

Allir velkomnir og hlökkum til að hitta ykkur.

Framsókn í Suðurkjördæmi

*Sigurður Ingi og Lilja til forystu!*

## Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins standa fyrir opnum fundum Sunnudaginn 15. október

Frambjóðendur munu ræða um málefni Suðurkjördæmis og gefst gestum tækifæri til að ræða við frambjóðendur um komandi alþingiskosningar og önnur mál.

**Opinn súpufundur í Vík í Mýrdal kl. 12:00**

Á Hótel Kötlum

**Opinn fundur á Kirkjubæjarklaustri kl. 16:00**

Á Hótel Laka

Eftirfarandi frambjóðendur mæta á fundina:

Páll Magnússon, *oddviti Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi*

Unnur Brá Konráðsdóttir, *forseta Alþingis*

Ásmundur Friðriksson, *alþingismaður*

Vilhjálmur Árnason, *alþingismaður*

Kristín Traustadóttir, *varþingmaður*

Hólmfríður Erna Kjartansdóttir, *varþingmaður*

Ísak Ernir Kristinsson, *varþingmaður*

Brynjólfur Magnússon, *varþingmaður*



## Mýrdalshreppur

### Auglýsing um úthlutun almennra leiguíbúða Mýrdalshrepps

Markmið Mýrdalshrepps með byggingu almennra íbúða í sveitarfélaginu er tvíþætt, að bæta úr brýnni þörf á auknu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu, en um leið að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstakling undir tekju- og eignamörkum með leiguíbúðum á viðráðanlegu verði.

Nú líður senn að því að fyrstu íbúðirnar í almenna íbúðarkerfinu sem Mýrdalshreppur er með í byggingu verði tilbúnar til útleigu. Ákveðið hefur verið að taka þær í notkun jafnóðum og þær verða tilbúnar til útleigu og því er hér með auglýst eftir umsækjendum um þessar íbúðir.

Um byggingu og útleigu íbúðanna gilda lög um almennar íbúðir nr. 52/2016

Umsækjandi þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- " Uppfylla kröfur um tekjuviðmið skv. 10. gr. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016
- " Hafa átt lögheimili í sveitarfélaginu samfelt í eitt ár áður en umsókn er móttækin.
- " Búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu eða öryggisleysi í húsnæðismálum.
- " Hafa ekki möguleika á að kaupa eigin húsnæði og/eða leigja á almennum leigumarkaði án sérstakrar aðstoðar.

Umsóknarferli.

Umsókn um leigu almennra íbúða skulu berast sveitarstjóra Mýrdalshrepps á eyðublaði sem ber yfirskriftina "Umsókn um almenna leiguíbúð". Með umsókninni skal fylgja afrit af skattframtali síðasta árs og afrit af þremur síðustu launa-seðlum umsækjenda.

Sveitarstjórn úthlutar íbúðunum eftir að farið hefur verið yfir allar umsóknir. Við úthlutun almennra íbúða skal að jafnaði farið eftir því hversu lengi umsækjandi hefur verið á biðlista eftir almennum íbúðum. Einnig skal sveitarstjórn við úthlutunina horfa til fjölskyldustærðar, fjárhagsstöðu og félagslegra aðstæðna umsækjanda. Þar sem íbúðirnar sem úthlutað er nú verða teknar í notkun jafnóðum og þær eru tilbúnar, skal við fyrstu úthlutun auk þess sem hér að framan er talið raða umsækjendum eftir mati á brýnni þörf fyrir leiguíbúð.

Allar frekari upplýsingar veitir Ásgeir Magnússon sveitarstjóri í síma 8983340, en einnig má senda fyrirspurnir á netfangið [sveitarstjori@vik.is](mailto:sveitarstjori@vik.is)



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## ATH! Bólusetning- Inflúensa

**Bólusetning gegn inflúensu er hafin,  
bólusettt er á opnunartíma stöðvanna.**

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningar:

- " Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- " Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- " Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- " Þungaðar konur.

**Starfsfólk heilsugæslustöðvanna,  
á Klaustri 432-2880  
í Vík 432-2800**

Kýrassa tók eg trú,

:Kýrassa tók eg trú,  
traust hefir reynst mér sú.  
Í flórnum því fæ eg að standa  
fyrir náð heilags anda.

Höfundur: Káinn (Kristján Níels Júlíus Jónsson)

Tildrög: Tildrög eru sögð þessi:  
„Eitt sinn var trúboði nokkur íslenskur  
á ferð á Mountain, og segir sagan, að  
það hafi verið Jakob Mormónapostuli,  
er svo var nefndur. Kom hann á  
bæinn, þar sem K. N. var vinnumaður,

og var vísað til hans út í fjós, en hann  
var þá einmitt að moka flórinn.  
Flutti trúboðinn honum boðskap sinn  
af mikilli andagift, en K. N. hélt  
þegjandi áfram mokstrinum.  
Loks krafðist trúboðinn þess, að K. N.  
gerði honum grein fyrir trú sinni, fyrst  
hann daufheyrðist þannig við kenn-  
ingu hans. Mælti K. N. þá fram vísu  
þessa af mikilli alvöru



SKAFTÁRHREPPUR

## Smölun heimalanda

Vakin er athygli á ákvæðum fjallskilasamþykktar Vestur-  
Skaftafellssýslu nr. 360/2006 þar sem segir m.a.:

"18. grein

*Hver bóndi er skyldur að smala land sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla þó þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar.*

23. grein

*Hver eigandi eða umráðamaður lands er skyldur til að smala heimaland sitt eigi síðar en viku fyrir auglýstan hrútafellingardag og það eins þó landeigandi eða umráðamaður eigi þar ekki fjárvon sjálfur. Vanræki einhver að smala heimaland sitt, getur sveitarstjórn látið smala það á hans kostnað, og greiðir hann að auki sekt samkv. 20. gr."*

Sveitarstjóri

Rjúpan

1. Oft á rjúpa upp til heiða,  
erfitt þegar frostið bitur,  
kuldaélin kvelja og meiða,  
kalstrá flest við jörðu brýtur.  
Hún þó lafin, létt á reiða,  
loppin upp úr hjarni slítur.

2. Sneyðir æti snjóabreiða,  
og snapir fáar rjúpan hlýtur,  
er hún þó að leita leiða,  
að lifa meðan frelsis nýtur.  
Oft á rjúpa upp til heiða,  
erfitt þegar frostið bitur.

3. Frækinn maður fer til veiða,  
fuglinn hvíta augum lítur,  
í frosnu hjarta finnur leiða,  
firrtur gleði, einskis nýtur,  
löngun hefur lífi að eyða,  
lyftir vopni, dýrið skýtur.

Tíminn okkar skóhljóð skrifar,  
skelfing sem að klukkan tifar,  
daga, vikur, ótal ár.  
Hvar sem rólum við um veginn  
verum ætíð sólarmegin,  
þó himininn sé hélugrár.  
*Höf. Kristján Runólfsson*